

Söngdagskrá Ísaksskóla 2018 – 2019

18. – 22. febrúar

Meistari Jakob (keðjusöngur)

Krummavísur

Frost er úti

Hættu að gráta

Skynjun (tvö erindi)

Mockingbird Lullaby

25. febrúar – 1. mars

(Mánudag og þriðjudagur vetrarfrí)

Krummavísur

Hættu að gráta

Skynjun

Mockingbird Lullaby

Nú er napur norðanvindur

Öskudagur

4. – 8. mars

(Miðvikudagur öskudagur)

Skynjun

Mockingbird Lullaby

Nú er napur norðanvindur

Öskudagur

Dýravísur

Fólk sem hefur léttu lund

Frost er úti

Enskt lag

Ljóð: Höfundur ókunnur

Frost er úti, fuglinn minn,

ég finn hvað þér er kalt.

Nærðu engu' í nefið þitt

því nú er frosið allt?

En ef þú bíður augnablik

ég ætla að flýta mér

að biðja hana mömmu mína

um mylsnu handa þér.

Meistari Jakob

Lag og ljóð: Höfundur ókunnur

Meistari Jakob, meistari Jakob,

sefur þú, sefur þú?

Hvað slær klukkan? Hvað slær klukkan?

Hún slær þrjú. Hún slær þrjú.

Are you sleeping? Are you sleeping?

Brother John? Brother John?

Morning bells are ringing,

morning bells are ringing.

Ding, dang, dong! Ding, dang, dong!

Fray Felipe, Fray Felipe,

¿Duermes tú? ¿Duermes tú?

Toca la campana, toca la campana.

Tan, tan, tan. Tan, tan, tan.

Hættu að gráta

Þjóðlag

Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Hættu að gráta hringaná,

heyrðu ræðu mína.

Ég skal gefa þér gull í tá

þó Grímur taki þína.

Hættu að gráta hringaná,

huggun er það meiri.

Ég skal gefa þér gull í tá

þó Grímur taki fleiri.

Hættu að gráta hringaná,

huggun má það kalla.

Ég skal gefa þér gull í tá

þó Grímur taki þær allar.

Krummavísur

Þjóðlag

Ljóð: Jón Thoroddsen

Krummi svaf í klettagjá,
kaldri vetrarnóttu á,
;: verður margt að meini; ;:
fyrir en dagur fagur rann
freðið nefið dregur hann
;: undan stórum steini. ;:

Allt er frosið úti gor,
ekkert fæst við ströndu mor,
;: svengd er metti mína; ;:
ef að húsum heim eg fer
heimafrakkur bannar mér
;: seppi' úr sorpi' að tína. ;:

Á sér krummi ýfði stél,
einnig brýndi gogginn vel,
;: flaug úr fjallagjótum; ;:
lítur yfir byggð og bú,
á bæjum fyrir en vakna hjú;
;: veifar vængjum skjótum. ;:

Sálaður á síðu lá
sauður feitur garði hjá,
;: fyrrum frá á velli. ;:
„Krúnk, krúnk! nafnar, komið hér!
krúnk, krúnk! því oss búin er
;: krás á köldu svelli.“ ;:

Öskudagur

Lag: Jón Ásgeirsson

Ljóð: Ragnheiður Vigfúsdóttir

Út í bæ á öskudag
eru skráttin læti.
Krakkar á því kunna lag,
kvik og létt á fæti.
Létt og hljótt þau læðast um
lauma á fólkið pokum.
Tralla la la...

Nú er napur norðanvindur

Ungverskt þjóðlag

Ljóð: Ólafur Kristjánsson í Mýrarhúsum

Nú er napur norðanvindur,
nú er hvítur Esjutindur.
Ef ég ætti úti kindur
mundi ég láta þær allar inn,
elsku besti vinur minn.
Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa
– *klapp klapp!*
Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa
– *klapp klapp!*
Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa
– *klapp klapp!*
Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa

Upp er runninn öskudagur,
ákaflega skýr og fagur.
Einn með poka ekki ragur
úti vappar heims um ból.
Góðan daginn, gleðileg jól.
Úmbarassa...

Mockingbird Lullaby

Amerísk þjóðvísa

Hush, little baby, don't say a word
Mama's gonna buy you a mockingbird

And if that mockingbird won't sing
Mama's gonna buy you a diamond ring

And if that diamond ring turns brass
Mama's gonna buy you a looking glass

And if that looking glass gets broke
Mama's gonna buy you a billy goat

And if that billy goat won't pull
Mama's gonna buy you a cart and bull

And if that cart and bull fall down,
You'll still be the sweetest little baby in town.

Skynjun

Höfundur ókunnur

Gaman er að sjá
allt, sem ég á.
Fiðrildið mitt, leiktu þér,
en láttu ekki í þig ná.
Ef ég væri fiðrildi,
ég flygi um loftin blá.

Gaman er að heyra
í úrinu sem ég á.
Ég held á því við eyra
og hlusta svo á.
Það getur sagt tí, tí, tí
en það kann ekki að slá.

Ó, hvað þú angar,
elsku rósin mín.
Nefið á mér langar
í lifrauð blöðin þín.
Lyktin kemur langar
leiðir til mín.

Gaman er að smakka
graut og skyr og mjólk
og brauðið af bakka,
bakað í tólk.
Af því verða krakkarnir
fullorðið fólk.

Lof mér að strjúka,
litli kisi minn,
kroppinn þinn mjúka,
kafloðinn.
Ég þreifa á þér með hendinni
og hlýjuna finn.

Dýravísur

Þjóðlag

Húsgangur, ýmsir höfundar

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur,
galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, syngur.

Verður ertu víst að fá
vísu, gamli Jarpur.
Aldrei hefir fallið frá
frækilegri garpur.

Þá var taða, þá var skjól,
þá var fjör og yndi,
þá var æska, þá var sól,
þá var glatt í lyndi.

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur,
galar, krunkar, geltir, hrín,
gneggjar, tístir, syngur.

Fólk sem hefur léttu lund

Lag og ljóð: Herdís Egilsdóttir

Fólk sem hefur léttu lund
leikið getur við fingur hverja stund
en sá sem oft í fýlu fer
fjarska bágt á sýnist mér.
Er við klöppum saman lófunum
þá hvín við hátt
nú er kátt í bæ.
Þó að napurt frost sé úti
og stundum norðanátt
nóg ég hlæ.